



## Reglur um tímabundin afnot bæjarlands

### 1. gr.

Óheimilt er að nota land í eigu Akraneskaupstaðar, jafnt utan skilgreindra lóða sem innan óúthlutaðra lóða, án leyfis Akraneskaupstaðar.

Hægt er að sækja um leyfi fyrir tímabundnum afnotum af bæjarlandi Akraneskaupstaðar, utan skilgreindra lóðarmarka, svo sem af opnum svæðum, gatnamannvirkjum og gönguleiðum, séu fyrir því lögmætar og málefnalegar ástæður og ef nauðsyn krefur, einkum vegna framkvæmda. Undir þetta falla stærri viðburðir, rof á yfirborði vegna lagna og strengja. Þessar reglur eiga einnig við um tímabundin afnot af óúthlutuðum lóðum.

### 2. gr.

Sækja skal um leyfi til tímabundinna afnota af bæjarlandi í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Akraneskaupstaðar.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um ástæður, ítarlegar upplýsingar um afnot/framkvæmd, tímabil, afmörkun svæðis, lýsing á aðgerðum vegna öryggis, merkingum og girðingu, og frágangi eftir að afnotum lýkur. Einnig skal upplýsa um umsóknaraðila, kennitölu, heimilisfang og símanúmer og tengilið varðandi afnotin, netfang og símanúmer.

Umsóknir, svo sem á vegum veitu- og fjarskiptafyrirtækja er varða fleiri en eina götu, skulu vera fyrir hverja götu fyrir sig og skal leitast við að framkvæmdum sé hagað þannig að einungis sé rask og lokanir í einni götu í einu.

### 3. gr.

Umhverfisstjóri veitir leyfi til afnota bæjarlands og ákveður gildistíma að hámarki 1 ár. Gefa skal út skriflegt leyfi, þar sem gildistími er tilgreindur.

Umhverfisstjóra er heimilt að fella útgefið leyfi úr gildi með 2 mánaða fyrirvara.

Umhverfisstjóri getur sett skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis m.a. til að tryggja greiða umferð og öryggi vegfarenda, um útlit og ásýnd svæðis á afnotatíma og frágang við lok afnota.



#### 4. gr.

Á meðan á afnotum stendur ber leyfishafa að tryggja öryggi almennings og fylgja reglum Vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar. Setja skal upp fullnægjandi merkingar og lokanir vegna umferðar akandi, gangandi og hjólandi í samræmi við venjur og reglur, s.s. reglur Vegagerðar og Veitna. Slíkum merkingum skal halda við allan afnotatímamann.

Vegna framkvæmda sem ná yfir 3 mánaða tímabil og lengur, skal setja upp upplýsingaskilti við svæðið þar sem fram koma helstu upplýsingar um framkvæmdina s.s. tímabil, hver stendur fyrir framkvæmdinni ásamt upplýsingum um tengilið. Efni slíks upplýsingaskiltis skal borið undir umhverfisstjóra áður en það er sett upp.

#### 5. gr.

Leyfishafi skal upplýsa tímanlega um mögulega truflun (takmörkun eða lokun) á umferð akandi, gangandi og hjólandi á bæjarlandi. Þetta skal gert með útfyllingu forms í þjónustugátt Akraneskaupstaðar, þar sem gefa skal umbeðnar upplýsingar og svæðið merkt á kort. Tilkynningin er send til aðila sem veita opinbera þjónustu, s. s. lögreglu, slökkviliðs, sjúkraflutninga, rekstraraðila almenningsvagna og Vegagerðarinnar og jafnframt auglýst á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Leyfishafi skal taka tillit til athugasemda sem berast frá þessum aðilum. Umhverfisstjóri getur breytt eða takmarkað tímasetningu slíkrar truflunar og tímalengd hennar ef ástæða þykir til. Tilkynning skal berast með 7 daga fyrirvara þar sem truflun verður á akstri almenningsvagna eða á umferð um þjóðveg, en annars með minnst 3 daga fyrirvara.

#### 6. gr.

Fyrir lok gildistíma afnotaleyfis skal ganga frá raski sem leyfishafi hefur valdið á yfirborði bæjarlands. Skal frágangur svæðisins ekki vera síðri en var fyrir veitingu afnotaleyfis og skal hann ákveðinn í samráði við umhverfisstjóra.

Ef frágangur í lok afnotatímabils er ekki í samræmi við fyrri frágang eða ákvæði þar um í leyfinu, þá skal leyfishafa veittur hæfilegur lokafrestur til að bæta úr eftir ákvörðun umhverfisstjóra. Skal leyfishafi greiða viðbótardagsleigu fyrir afnotin í samræmi við gjaldskrá.



Verði ekki orðið við slíkri beiðni skal viðbótardagsleiga hækka um 50% fyrir hvern dag umfram þann frest sem veittur var til lagfæringanna.

Ef ekki liggur fyrir afnotaleyfi fyrir framkvæmd eða afmörkun svæðis í bæjarlandinu áskilur umhverfisstjóri sér rétt til að stöðva slíka framkvæmd eða afmörkun án fyrirvara, og með atbeina lögreglu ef með þarf. Einnig verður dagsleiga fyrir afnotin innheimt hjá leyfishafa og um sé að ræða ófrágengið svæði eftir lok gildistíma, sbr. ákvæði 2. mgr.

#### 7. gr.

Greiða skal fyrir afnotaleyfi eftir reikningi og í samræmi við gjaldskrá Akraneskaupstaðar um þjónustu skipulags- og umhverfissviðs.

Umsækjandi er ábyrgðaraðili sem skuldbindur sig til greiðslu gjalds vegna útgáfu afnotaleyfis og einnig til greiðslu viðbótarleigu ef afnotum og frágangi er ekki lokið fyrir lok gildistíma leyfisins sbr. ákvæði 4. gr.

Viðbótarleiga verður einnig innheimt ef ekki er fylgt ákvæðum leyfis á gildistíma afnotaleyfis og ekki orðið við athugasemdum um lagfæringar innan hæfilegs tíma.

#### 8. gr.

Ábyrgðaraðili skal geta framvísað leyfinu sé þess er óskað.

Afnotaleyfið felur ekki í sér neinar upplýsingar um aðstæður á svæðinu, um lagnir veitu- og fjarskiptafyrirtækja né heimild til graftar eða annars jarðrasks. Umsækjandi verður að kynna sér slík gögn og aðstæður sérstaklega.

Framkvæmdaleyfi, samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, kemur í stað afnotaleyfis af bæjarlandi enda sé skilmerkilega gerð grein fyrir slíkum afnotum í umsókn um framkvæmdaleyfi og heimild til slíkra afnota tekin fram í framkvæmdaleyfinu.

Stöðuleyfi matarvagna og gáma samkvæmt reglum bæjarstjórnar kemur í stað afnotaleyfis af bæjarlandi.



**Samþykkt í skipulags- og umhverfiráði 2.6.2024.**

**Samþykkt í bæjarráði í umboði bærarstjórnar 9.7.2024.**

